

Fundur hjá Hverfaráði Stokkseyrar 21. október 2021

Mætt: Guðný Ósk, Björg, Hafdís, Svala og Tómas Ellert

1. Lýsing á göngustíg, Fjörustíg. Hverfaráð talar um að það vanti lýsingu á stíginn. Þar sem stígurinn liggur yfir afleggjarar að Gamla Hrauni er oft slyshætt þegar komið er myrkur. Spurning um að setja einhverjar merkingar og jafnvel auka lýsingu.
2. Frágangur gatna – Ólafsvellir og botnlangar. Hverfaráði finnst að klára þurfi Ólafsvellina, þ.e. gangstéttar. Einnig að klára þurfi þessa ómalbikuðu botnlanga sem eru hér. Þarf að athuga eignarhald á þessum botnlöngum.
3. Skólpómál rædd. Skólp lekur út í móa ofarlega í þorpinu, fyrir ofan hraðahindrun á Stjörnusteinum. Mikil mengun frá því.
4. Lóðaskortur – hverfaráð lýsir yfir áhyggjum af skorti á lóðum í þorpinu.
5. Íþróttahúsið á Stokkseyri – Hverfaráð leggur áherslu á að farið verði fljótt og örugglega í byggingu á nýju íþróttahúsi. Hverfaráð veltir því fyrir sér hvort börn og unglingar við ströndina búi ekki við sömu skilyrði og börn annars staðar í sveitarfélaginu. Nú hefur ekki verið hægt að kenna skólaíþróttir þar í vetur og finnst hverfaráði það miður.
6. Hverfaráðið hefur áhyggjur af því að þorpið skipti litlu máli fyrir sveitarfélagið.
7. Vantar að setja upp spegillinn aftur við endann á sundlaugargötu. Einnig er mjög blint hornið inn á Ólafsvellina (sem er verið að byggja upp) og oft verið mjög stutt í árekstur þar og ákeyrslu á hjólandi vegfarendur ásamt gangandi fólki.
8. Hverfaráð lýsir yfir áhyggjum vegna Hesthúsahverfis og veltir því fyrir sér hvernig deiliskipulagið sé þar, hvort er þetta deiluskipulagt sem iðnaðarhverfi eða hesthúsahverfi.
9. Opinn íbúarfundur. Hverfaráð vill halda fund fyrir íbúa, þriðjudagskvöldið 23. nóvember 2021 kl. 19:30
10. Hverfaráð leggur til að Leiti (hækkun/hóll við Löngudæl, Heiðarbrúnarmegin) verði slegin á sumrin og svæðið gert fallett með bekkjum og borðum, svo fólk geti setið þar og horft út á Löngudæl. Ef þið eruð ekki viss um hvaða stað er verið að tala um má alltaf hafa samband við einhvern úr hverfaráði sem er kunnugur staðháttum.
11. Hverfaráð leggur til að örnefnaskrá verði kláruð.